Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, 5. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Íslendingasögur – Gissur Þorláksson – Kristnitaka

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-15, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

ast á því. Tók hann þá að hæðast að þessu og kalla það ástdrukkinn heilaspuna; í dag skín það, á morgun bráðnar það.

Þetta stóðst ekki hégómagirni hans. „Guðfræðingar hafa ekki snefil af hreinlyndi", segir hann. „Þeir þegja yfir því, að höfuðþættirnir í trú þeirra eru ekki opinberaðir Gyðingum, en blátt áfram aðfengnir. Til dæmis ódauðleikatrúin; hún er frá Egyptalandi. Sama er um boðorðin. Enginn klifrar í þrumuveðri upp á hátt fjall til þess að fá opinberun um það, sem menn hafa vitað í þúsund ár. Hvaðan er djöfullinn? Hvaðan helvítisrefsingin? Hvaðan dómsdagurinn? Hvaðan englarnir? Gyðingar þekktu ekkert af þessu. Prestarnir eru bara – ónefnd, sem rannsaka ekki samviskusamlega og segja fólki slíkt." Jósefína beygði sig; æskulýðurinn, einkum karlmennirnir voru auðsjáanlega á Kallens máli; trúarefi var tíska þá og þótti gaman að geta hlegið dálítið að erfðatrúnni.

Ungur maður einn gerði gys að skójunnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sögunni; Kallan var vel að sér í jarðfræði og forndýrafræði og neytti þess vel. Þar var Óli Tuft enn ver fallinn til þess að mæta honum; hann endurtók aðeins nokkrar tilraunir til að sameina biblíukenningarnar og ýmsar nýjar uppgötvanir, en varð illa úti. Og nú gekk það koll af kolli, úr einum trúardóminum yfir í annan; lengst voru þeir að bisa við fyrirdæmingarkenningunni; hún stafaði frá svo eldgömlum, hrottalegum tíma, að einstaklingsábyrgð var ekki til, aðeins kynþátts og ættarábyrgð. Tuft örvinglaðist; þetta var honum hjartans mál, hann tók til að játa með hárri rödd, hverju hann trúði, innilega og kröftulega. Eins og það væri til nokkurs. Fullyrðingar, fullyrðingar, – komi þú með sannanir! Óli Tuft skildi um seinan að hann hefði verið afvikið og misti þess vegna allt. Hann fann sárt til þess að hann barðist vonlausum bardaga, en barðist þó og kallaði upp, að sín væri sökin ef nokkur sannleikur sýndist vafasamur; það væri ekki á sínu færi að verja hann. En guðsorð stæði óhagg-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að til heimsloka. Nú, hvað var guðs orð? Ja, það væri heild biblíunnar og andi, sköpunin (nei!) – syndafallið (nei! nei!), frelsunar-dauðinn (nei, nei, nei!) – hann æpti, þeir æptu; tárin komu fram í augum á Tuft, röddin skalf, hann var fölur og fagur.

Áskunenn eru ekki alveg eins miskunnarlausir sem börn, en í sömu átt. Sumir kendu í brjósti um hann, margir vildu einmitt klappa að honum nú, og ekki síst Edvard Kallem.

En Jósefína gekk til dökkhærðu stúlkunnar með hári röddina. Undireins hóf hún upp einn af söngvum þeirra, og hinir komu á eftir, – karlmennirnir nokkru síðar en kvenfólkið. Höfuðinn var, að fáum undanteknum, karla og kvenna söngflokkur, sem hafði æft sig kappsamlega þrjá síðustu veturna og með svo mikilli samheldni að slíkt getur ekki nema í smábæum.

Jósefína fór og settist á miðjan hólinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hin umhverfis hann. Hún söng ekki, hún hafði
blámin sín.

Hópurinn var þangað kominn á skútu þeirri,
sem lá þar svo glatt í sólskininu. Þar höfðu
þau setið saman Jósefína, Edvard og Óli, þétt
saman; því að rúmið var lítið. Þau töluðu glaðlega
saman og hvísluðu oft og engan grunaði annað
en að þar væri gott á milli og vinsamlegt. Nú,
þrem stundum síðar sat Óli Tuft þar eins og út-
skúfaður. En hvað honum leið illa! Árás á köllun
hans, á trú hans fyrir allra augum. Og það frá
Edvards hendi! Svo grimm, þrálát og harðleg! Og
Jósefína! Ekki eitt hluttekningarorð, ekki eitt
augnaráð frá Jósefínu.

Þau Óli höfðu haldið saman frá því þau
voru börn, skrifast á meðan hann var í Kristjan-
íu, hann á hálfs mánaðar fresti, hún svo oft
sem hún hafði bréfsefni. Þau hittust daglega
þegar hann var heima í sumarleyfinu. ~~Þau~~ Hún
var tvö ár ~~í sa~~ í Frakklandi og á Spáni; þá voru bréfaskiftin
tíðari, líka frá hennar hlið; og þegar hún kom heim

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aftur, þá var hún mjög breytt, en við Óla var hún
alveg eins. Faðir hennar hjálpaði honum til náms-
ins, svo að hann gat stundað það af alúð;
hann átti að taka prófi um jólaleytið; allir
spáðu að það mundi verða eitt hið besta, sem
tekið hefði verið í guðfræði. Það var vafalaust
hennar verk, ef til vill líka bróður hennar, að
honum var hjálpað. Bæði hefði hann á sínum
tíma komið honum í kynni við föður sinn, við
skólastjóra, lyfsala og fleiri; fyrir hennar milligöngu
var hann enn velkominn alstaðar. Daglega var hún fáorð
og oft fremur erfið í lund; en sýndi órjúfandi tryggð.
Hún gat fundið að við hann (hann var henni ekki
stirð að skapi); en þetta átti heima í sambúð
þeirra, hann gerði lítið úr því og hún ekkert;
hún hafði verið forráðamaður hans frá hinum
fyrsta degi. Hann hafði ekki enn þá þorað að
segja að hann elskaði hana; þess þurfti ekki heldur
og eiginlega var það of heilagt til þess. Hann reiddi
sig eins tráitt á hana eins og á trú sína. Hann
var bóndi, óskiftur í eðli sínu, og höfuðskapleikur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans öruggleiki. Guð sá fyrir trú hans; fyrir framtíð hans og velgengni sá — auðvitað líka guð, en hafði Jósefínu fyrir milligöngumann. Í hans augum var hún fallegasta, heilbrigðasta og besta stúlkan í öllu landinu og mjög rík. Hið síðasta var líka kostur; hann hafði lifað í metorðadraumum frá því hann var lítill, en nú fóru draumarnir í aðra átt.

Félagar hans vissu þetta vel; auk þess sem þeir nefndu hann „Melanchton", kölluðu þeir hann líka „biskupsefnið úr fjörðunum" eða „fjarðabiskupinn". Honum var orðin það þörf að svo væri litið á hann; eitthvað barnslegt var það í fari hans, sem lét þennan brosandi öruggleik fara honum vel, — hann var auk þess svo fríður sýnum, einlægur í svip og rjóður, — og þá gerir metorðagirnin ekkert til.

Nú fanst honum hann vera hrapaður niður af brosandi hæðum öruggleikans. Sá sem ætíð hefir verið öruggur og líður ósigur, honum fellur allur ketill í eld. Verst af öllu var að Jósefína

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vildi ekki kannast við hann; hann leit hvað eftir annað til hennar, en hún raðaði blómum sínum og grasi, eins og hann væri ekki til.

Seinast var eins og allir liðu burt, eða eins og hann væri þar ekki. Hann sat án þess að sitja, heyrði án þess að heyra, sá án þess að sjá. Þar uppi frá var borið á kvöldborðið fyrir framan húsið, menn fóru þangað áður en matur var á borð borinn, borðuðu drukku, skröfuðu og hlógu; en hann var ekki í hópnum, hann stóð þarna, hann starði, yfir um víðina — eða langt, langt burt. Ungur verslunarmaður talaði við hann um ferðaáætlanir gufuskipa, þeim væri als ekki vel fyrir komið, stúlka með skökkum tönnum og freknótt með rauðum fléttum — hann hafði verið kennari hennar — fullvissaði hann um að sjómenn væri als ekki svo mentaðir sem búast mætti við af mönnum sem færi svo víða. Veitingakonan kom og spurði hversvegna hann borðaði ekki og veitingamaðurinn drakk honum til; þann sýndu honum með þessu leifar af fornri virðingu; en best

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skotruðu sjónaraugum á hann; hann skalf
við. Hann fann efann. Hann var fjarska sár
og það jók á, enda sá hann alstaðar efa og háð;
jafnvel skildi hann svo glaðværðina í hinum.
Edvard Kullen var ofsaglaður, og allir hópuðust
í kringum hann; ferðin hafði líka verið farin
hans vegna (því að hann var ~~ný~~kominn heim
fyrir einum hálfum mánuði). Óli sá eins og
í draumi að blóm Jósefínu stóðu nú á borðinu, og
heyrði að litaskipuninni var hrósað; sjálf hafði hún
sest við lítið steinborð með tveim vinkonum sín-
um, þar sem ekki gátu fleiri setið; var það til þess að
hann kæmist ekki að? Borðið andspænis honum.
Hann sá að hún talaði og hló, allir ungu menn-
irnir báru henni; Edvard kom oft þangað; hann
kom þeim til að hlæja. Hann tók eftir þessu
öllu með undarlegum ótta. Hávaðinn særði; hlát-
urinn gerði honum kinnroða, matinum rann
ekki niður, drykkurinn var ofsterkur, fólkið hafði
einhverja gangvél innan í sér, og það var eins og
húsið, víkin, skútan, fjöllin stæði ofan á hann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það var komið blæalogn og hópurinn varð að ganga heim til bæjarins. Var nú haldið af stað í fylkingu og syngjandi; en vonum bráðar komu ein-argestir hlaupandi frá bænum, og var nú staðið við af því að þar voru kunningjar. Svo fylgdust þessir nýkomnu með spottakorn; síðar bættust aðrir við; alltaf staðið við og ný sundurgreining í smáhópa. Því gat Óli dregið sig í hlé án þess eftir væri tekið. Hann þoldi ekki lengur þennan félagsskap og glaðværðina.

Nú fyrst flokkaðist alt um Jósefínu. Fráhvarf Edvards og árás, skömmin af ósigrinum, sár trúar-kenndarinnar . . . alt bar að þeim brunni, að hún hafði ekki stutt hann, ekki með einu orði, ekki með einu augnaráði; forðaðist hann fyrst og gekk nú frá honum. Þetta var honum óbærilegt; því að hún var orðin honum mikils til ofmikið, hann vissi það og skammaðist sín ekki. Það hafði fallið af honum eins og hreistur, það sem hann taldi einu sinni mest í heimi, að vera trúboði; þegar henni þótti ekki lengur í það varið. Þegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og þessi bróðir hafði ekki kært sig lifandi vitund um hana þangað til fyrir fáum dögum, en Óli hafði ætíð verið með henni frá því þau voru börn, róið með henni, lesið fyrir hana, verið henni bæði bróðir og systir, og skrifað henni svikalaust, þegar þau voru fjarvistum. Bróðir hennar hafði ekkert af þessu gert. Jafnvel ósigur sinn reiknaði hann tekjumegin; því að hefði hann ekki gert það fyrir hennar sök að lesa samviskusamlega undir það próf, sem faðir hennar hjálpaði honum til, þá hefði hann vitað eitthvað meira um það, sem á reið þennan dag, þá hefði hann ef til vill ekki beðið ósigurinn; – það varð hann líka að þola fyrir tryggð sína.

H. X Meðan Jósefína var barn og hálfvaxin hafði Edvard sjaldan verið með henni án þess að stríða henni. Hún var lengi mögur með stór, svört augu, oftast ógreitt hár, rauðar hendur, mjög rengluleg; hann kallaði hana „andarungann“ og þegar hún var höll um tíma, þá „halta andarungann“. Hann gat aldrei áttað sig á henni, því að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hið gagnstæða. Nei, hún sneri sér frá honum af því að hann var aumkvunarlegur; af því einn. Ef til vill af því að hún var ófús til að fara í deilu; hún var svo óframfærin. Hún sneri sér ekki heldur að bróður sínum. Hún sat á hólnum í miðjum flokknum og seinna, þegar borðað var, hjá tveim vinkonum við sérstakt borð. Þegar farið var á stað, hélt hún sig ekki þar sem bróðir hennar safnaði flestum utan um sig... Hversvegna hafði hann ekki hugsað út í þetta fyr en nú? Hún var trú; víst var hún trú; Hann stóð upp; því í dauðanum hafði hann ekki hugsað út í það fyr?

— + — + —

Hann hafði viljað að hún hjálpaði sér á einn eður annan hátt, að minsta kosti huggaði sig, sýndi sér, hve hún vorkendi honum. En alt þess konar var gagnstætt eðli Jósefínu. Hvernig gat honum dottið slíkt í hug? Einkum þegar komið var í æsing og (menn athuguðu) athugað var, hvað hún gerði.

Hann hafði verið mesti þorskur. Hann varð svo glaður af þessari uppgötvun að hann hoppaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgis

# Minningar feðra vorra.

Safnað og samið

af

Sigurði Þórólfssyni

I.

Reykjavík 1909

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Best.~~ En eigi eru allar ferdir til fjár. Þeir fengu hafvillur, komust nálægt Íslandi, sídan hrakti þá vestur undir Írland og komu seint um haustid aftur til Grænlands, þrekadir mjög eftir sjóvolkid. — Svo fór um sjóferd þá.

Vorid 1003 fóru frá Grænlandi 140 ~~manns~~ menn á 3 skipum suður og vestur í haf ad leita Vínlands. Þeir sigldu ~~í 2~~ tvo dægu í nordanvindi og komu þar ad landi, er þeir nefndu Hellu-land ~~nefndu~~. Þadan héldu þeir í adra ~~2~~ tvo dægu í sama vindi og komu ad Marklandi; var þar fagur og mikill skógur og margskonar dýr. Enn sigldu þeir í tvö dægur, þar til þeir komu ad nesi einu, er þeir kölludu Kjalarnes, því ad þar fundu þeir rekinn kjöl af skipi; öræfi voru þar mikil og sendnar strendur, er þeir nefndu: Furdustrend-ur. Þadan sigldu þeir sudur med landi og inn á fjörd einn, er þeir nefndu Straumfjörd. Þeir bjuggu um sig í eyju einni, er þeir nefndu Straumey ~~nefndu~~, því ad straumar voru þar miklir. Þar voru mikil landgædi og há fjöll. Þeir könnudu landid, en hirtu minna um ad afla sér vetrarforda. ~~Það~~ Vard því brátt hart í búi hjá þeim, en úr því rættist á útmánudum, því ad þá fóru þeir ad veida úr sjó og af landi.

Vorid eftir sigldu þeir lengra sudur og könnudu landid. Komu þeir loks í árós miklum, er þeir kölludu í Hópi; þar fundu þeir sjálfsána akra, vínvid og annad ágæti. Þar voru skógar blómlegir og kvikir af ýmsum dýrategundum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en hver á og lækur var fullur af fiski; þeim leizt því búsældarlega á landið og sátu þar veturinn 1004–5. Þar kom aldrei snjór, og fénaður gekk þar sjálfala úti. Þeir hittu þar villta menn, er þeir nefndu Skrælingja, en hafa að líkindum verið Indíánar. Vopn höfðu þeir úr steini og öðrum áhöld. Fyrst framan af fór vel á með Íslendingum og Indíánum, en breyttist síðar til ófriðar og féllu nokkrir menn af hvorratveggja liði. Íslendingar höfðu eigi lengur frið fyrir þessum óþjóðalýð og fóru þeir því aftur til Straumfjarðar. Þar voru þeir þriðja veturinn, en vorið eftir héldu þeir heim til Grænlands. Sundurlyndi meðal þeirra átti víst mestan þátt í því, að þeir staðnæmdust eigi á Vínlandi; en sagt er, að konur hafi valdið sundurlyndi þessu.

Fyrstur biskup á Grænlandi er nefndur Eiríkur Gnúpsson. Er sagt að hann hafi farið til Vínlands 1121, en líklega týnzt á þeirri ferð.

Þótt landafundir Íslendinga bæri eigi þann árangur til þjóðmenningar, sem æskilegast hefði verið, þá voru þeir einu þjóðin um þessar mundir, sem sigldu um norðurhöf til landaleita. Það léku engir eftir þeim fyrr en nú á seinni öldum.

## 5. Trúarskiftin á Íslandi.

Þorvaldur hét maður, kallaður víðförli, sonur Koðráns á Giljá í Vatnsdal. Hann var lengi í hernaði með Sveini tjúguskegg Danakonungi. Þorvaldur þótti bera af flestum mönnum, að hugprýði, mannúð, kurteisi og mildi, og þótti fyrirmynd flestra víkinga í siðferði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Þýskalandi kyntist hann biskupi þeim, er Friðrekr hét og var skírður af honum. Trúin vakti hjá honum brennandi löngun til þess að kristna ættmenn sína, og fékk biskupinn í lið með sér til þess. Þeir komu til Íslands árið 981 og sátu fyrsta vetur að Giljá. Þeir skírðu Koðrán og alt fólk hans nema Orm, bróður Þorvaldar.

Þeir Þorvaldur bjuggu síðan fjögur ár að Lækjamóti í Víðidal, en fóru um sumur víða um land til kristniboðs, einkum norðanlands. Er svo sagt, að á Norðurlandi hafi margir „hafnað blótum og brotið skurðgoð sín, og sumir eigi viljað gjalda hoftolla". Tóku ýmsir höfðingjar trú og voru sumir þeirra nafnkendir, og margir Vatnsdælir létu skírast. Á alþingi 984 boðuðu þeir félagar trú, og hélt þar tölu í móti kristinni trú, Heðinn Þorbjarnarson, höfðingi frá Svalbarði við Eyjafjörð, og segir sagan, að enginn maður legði trúnað á það, er Þorvaldur sagði. Skáld tvö voru fengin til að yrkja níðvísur um þá félaga. Þetta er í vísunum: „Hefir börn borið biskup níu — þeirra er allra — Þorvaldur faðir". Til hefndar fyrir níðið drap Þorvaldur bæði skáldin. En árið eftir (985) reyndu þeir að boða mönnum trú á Hegranesþingi; voru þeir þaðan flæmdir með grjótkasti, ópi og óhljóðum, en komust þó ómeiddir heim að Lækjamóti.

Þetta sumar voru þeir Þorvaldur gerðir sekir, því að norðlendingar sáu, að valdi þeirra var hætta búin, enda lögðu þeir einnig fjandskap á alla kristna menn. Eftir at-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingi, ~~þetta sama sumar,~~ samsumars, söfnuðu höfðingjar liði og gerðu
aðför að þeim Þorvaldi ~~þar sem þeir voru~~ heima að Lækjamóti.
En lítið varð þó úr þessari aðför. Hafa ~~þeir~~ Þorvaldur og Friðrekr að líkind-
um verið gerðir fjörbaugsmenn á alþingi, en leyst sig
með fjörbaugi. Árið eftir fóru þeir utan (986). Þeir
voru vel samvaldir. Þorvaldur var hraustur, ákafur
og hugprúður, en jafnframt drenglyndur ~~, með óvenjuríkar~~ og mannúðlegur
~~mannúðar tilfinningar og göfugan hugsunarhátt~~, en bisk-
up var stilltur og hógvær, vitur og þolinmóður í öllum
þeim raunum, sem trúboðinu ~~var~~ voru samfara.

Þegar þeir Þorvaldur komu til Noregs, var Héðinn af Svalbarði þar
fyrir og drap Þorvaldur hann. Biskupi geðjaðist eigi að
þessu og slitu þeir þá félag sitt. Biskup fór til átthaga
sinna, en Þorvaldur festi ~~lengi~~ hvergi yndi. Hann var
um tíma í kaupferðum, fór til Jórsala, Miklagarðs og þaðan
til Rússlands; þar stofnaði hann klaustur og lauk þar æfi sinni
~~í þvi~~.

Svo liðu 10 ár, að ekkert var gert til þess að útbreiða kristna
trú á landinu. En ~~þá sendi~~ ~~996~~ árið 995 komst Ólafur Tryggvason til valda í Noregi, ~~sem~~
~~komst þar til valda 995~~, þegar Hákoni jarli var steypt úr völdum,
og sendi ári síðar Stefni ~~nokkurn~~ Þorgilsson til Íslands. Helgi bjóla(n) hinn kristni landnámsmaður
var langafi hans, en í heiðni hafði hann þó alizt upp.
Stefnir fór um landið við 10. mann og tóku Íslendingar
honum illa, enda reyndi hann að „brjóta hof og hörga og
brenna skurðgoð, ef menn vildu eigi skipast við for-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tölur hans. En heiðnir menn vörðu vel hof sín og goð. Þetta þoldu landsmenn illa og vildu drepa hann, en ættmenn hans liðsintu honum, og var (hann) í skjóli þeirra á Kjalarnesi (vetur-inn 996-7). Sumarið næsta á eftir (997) var það tekið í lög á Íslandi, að hver sá sem gerði goðunum mein, eða lastaði þau, skyldi sekur ger. og „skyldi frændur hinna kristnu manna sækja þá um goðlöstun“, því að kristni var talin frændaskömm. Stefnir var dæmdur sekur á þessu þingi og fór hann þá um sumarið utan. — Honum hefir að lík-indum lítið orðið ágengt, enda fór hann óspaklega við menn.

Sama ~~sumar~~ (og Stefnir fór utan) sendi Ólafur Tryggvason Þangbrand hirð-prest sinn hingað til lands til að boða trú. Hann var ~~þjóð-verskur maður að uppruna~~, greifason frá Brimum, (hafði) og fengið áður misindisorð. Um tíma hafði hann verið prestur í Mostur en eytt þar kirkju~~fé~~fjár í sollífi, og herjaði síðan á heiðna menn og rænti fé þeirra. Hann var ofstopamaður mikill, rammur að afli og mikill ~~maður~~ vexti, leitaði eigi á menn að fyrra-bragði, en óvæginn þegar gert var í móti honum. Kennimaður var hann góður og snjallur í máli.

Þangbrandur var fyrsta vetur hér á landi með Síðu-Halli að Þvottá í Álftafirði. Honum tókst brátt að sannfæra Hall í trúarmálum og var það heppni fyrir hann að vinna slíkan höfðingja, sem Hallur var. Hann var stórríkur og vel ættaður maður, spakvitur (~~maður~~ og, göfuglyndur ~~og mesti geðprýðis maður~~. Hallur lét skíra sig og allt sitt fólk þá um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í ánni, sem síðan heitir Þvottá. Á næsta sumri (998) ~~byrjaði~~ hóf Þangbrandur ferðir sínar um landið og reið til alþingis og Síðu Hallur með honum; á þeirri leið skírði hann marga. Þangbrandur var hér tvö ár og varð honum mikið ágengt í erindum sínum. Sumir af ágætustu mönnum þjóðarinnar tóku trú, svo sem ~~t.d.~~ Hallur, Njáll, Gissur hvíti, Hjalti Skeggjason og Gestur Oddleifsson. – Gissur og Hjalti voru síðan hinir ágætustu styrktarmenn kristninnar á Íslandi. Á alþingi 999 voru deilur miklar um trúmál og mun Hjalti Skeggjason hafa haldið djarfasta tölu gegn heiðninni. – Þá kvað hann þennan kviðling að Lögbergi: „Vil eg eigi goð geyja; – grey þykir mér Freyja.“ Runólfur goði stefndi Hjalta fyrir þennan kviðling og sótti hann til sektar á sama þingi. En mál þetta varð ~~hita~~ hið mesta kappsmál þegar það kom í dóm. Kristnir menn hleyptu upp dóminum, svo að hann fékk eigi setið, fyrr en Runólfur barði ~~fætti~~ hann á Öxarárbrú og varði ~~með~~ með vopnum báða brúarsporðana. Þar varð Hjalti ~~dæmdur~~ ger sekur fjörbaugsmaður. – Er svo sagt, að á þessu þingi hafi sumir guðlastað, og goðunum hafi verið ámælt af þeim, er skírðir voru. Bendir margt á, að flokkur kristinna manna hafi eigi verið lítill þótt heiðnir menn hafi að sjálfsögðu verið miklu fleiri.

Þegar Þangbrandur kom til Noregs, bar hann Íslendingum illa sögu, sagði að þeir mundu aldrei kristni taka. Enda höfðu þeir sumir verið honum erfiðir, nítt hann og viljað drepa. Þangbrandur drap líka tvo eða þrjá menn til hefndar fyrir níðið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur konungur reiddist Íslendingum þegar hann heyrði hve erfitlega Þangbrandi hafði gengið trúboðið. Ætlaði hann það láta „meiða eða drepa", ~~þá~~ ~~hina~~ heiðna Íslendinga, er þá voru í Niðarósi. En fyrir fortölur Gissurar hvíta og Hjalta Skeggjasonar, er báðir fóru utan eftir þing 999, sefaðist konungsreiðin. Þeir ~~lofaðu~~ hétu því, að reyna að kristna alla Íslendinga. En konungur tók ~~4 af~~ fjóra Íslendinga í gísling: Kjartan Ólafsson, Halldór son Guðm. undir ríka á Möðruvöllum, Kolbein son Þórðar Freysgoða og Sverting son Runólfs goða í Dal. Síðan voru allir Íslendingar skírðir, sem þá voru óskírðir í Niðarósi.

Næsta sumar fóru þeir Gissur og Hjalti til Íslands og með þeim sá prestur, er Þormóður hét. Þeir komu í Vestmannaeyjar 10 vikur af sumri (19. júní), daginn áður en alþingi var sett ~~átti að koma saman~~. Árið áður var það samþykt á alþingi að leggja þingstörf viku síðar en vant var eða ~~fimtu~~ fimtudaginn í 11. viku sumars. Þegar þeir komu í Laugardal fengu þeir Hjalta til þess að verða þar eftir við 12. mann, því að hættulegt ~~og óviðeigandi~~ þótti, að hann riði á þing, sekur fjörbaugsmaður, er ~~og mátti~~ ~~því~~ eigi mátti eftir lögum stiga á helgan völl. Gissur sendi boð til vina sinna og trúarbræðra á þingi, að þeir skyldi koma sér og félögum sínum til styrktar, því að honum bárust þar fréttir, að heiðnir menn hefði í hyggju að verja kristnum mönnum þingvöll. Hjalti nenti eigi að bíða lengi aðgerðarlaus í Laugardal; hann hélt af stað og hélt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félaga sína við Vellankötlu. Þaðan sáu allir kristnir menn á Þingvöll, en ~~þar stóðu~~ heiðnir menn [stóðu] vopnaðir fyrir. og lá þá við að þingheimur berðist. En til að afstýra þeim vandræðum, ~~eraf slíku hefði hlotizt~~, gengu ýmsir [sér] góðnir og vitrir menn í milli flokkanna, jafnt heiðnir menn sem kristnir. Þetta var laugardaginn 22. júní árið 1000.—

Daginn eftir, snemma að [á] morgni sunnudags, gengu kristnir menn í skrúðgöngu um Þingvöll, þar á meðal 7 prestar í kirkjuskrúða, með 7 [tvo] krossa og reykelsisker. og hófu messusöng á austurbarmi Almannagjár. Síðan gengu þeir til Lögbergs, og þangað kom allur þingheimur. Báru þá þeir Hjalti og Gissur upp erindi sín; en svo er sagt, að „það bæri frá, hve vel þeir mæltu" — „En svo mikil ógn fylgdi orðum þeirra, að engir óvinir þeirra þorðu að tala móti þeim". — „En það gerðist af því, að þar nefndi annar maður að öðrum votta og sögðust hvorir úr lögum við aðra, hinir kristnu menn og hinir heiðnu". „Þá kom maður hlaupandi í þingið og sagði, að jarðeldur var uppkominn í Ölfusi og mundi hann renna á bæ Þórodds goða". Þá sögðu heiðnir menn: „að eigi væri undur, þótt goðin reiddust tölum slíkum". En Snorri goði mælti þá: „Um hvað reiddust goðin þá, er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á." — Því gat engin svarað.

Menn gengu frá Lögbergi. Kristnir menn áttu fund með sér og kusu Hall af Síðu fyrir lögsögumann kristinmanna. En hann keypti Þorgeir lögsögumann, Ljósvetningagoða að

35



lyndir, og hin mestu hrakmenni. Mörður var vel viti borinn, slægur sem höggormur, og allgóður lagamaður. Þeir k… Otkatli til þess að neita sæmdarboði, er Gunnar bauð fyrir stuld Melkólfs. Seinna fer Otkell við 12. mann til Hlíðarenda og stefndi Gunnari. Skammkell hafði logið því að Otkatli, að Gissur hvíti og Geir goði teldi þessa atferð gagnvart Gunnari réttmæta og vel sæmandi. Þegar þetta mál kom fyrir á alþingi, varð Skammkell fyrir miklu álasi, og hafði Gunnar mikla sæmd af málinu, en Otkell vansæmd. En bæði fyrir þetta, og aðrar ósæmandi árásir þeirra Otkels og Skammkels í garð Gunnars, sat hann eitt sinn fyrir þeim og drap þá báða. Þá fjölgaði óvinum Gunnars. Nokkru síðar sátu 30 menn fyrir Gunnari og bræðrum hans, Kolskeggi og Hirti. Bardagi hófst, og lauk honum svo, að Hjörtur féll og 14 af óvinum Gunnars; hinir komust undan á flótta, flestir særðir, og þótti mörgum lítt frægileg för þeirra, að Gunnari.

Litlu síðar ginti Mörður Þorgeir Otkelsson og Þorgeir Starkaðarson að sitja fyrir Gunnari við Rangá. Þeir nafnarnir voru með marga menn, en Gunnar við annan mann, Kolskegg bróður sinn. Svo lauk þó viðskiftum þeirra, að Gunnar rak atgeir sinn gegnum Þorgeir Otkelsson og kastaði honum út á Rangá, en Þorgeir Starkaðarson flýði. Nú hafði Gunnar vegið tvisvar í sama knérunn (beinan ættlegg) en Njáll hafði varað hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þad vissi Mördur, og því eggjadi hann Þorgeir í móti Gunnari og taldi víst ad svo færi sem fór, ad Gunnar dræpi hann. Þá þótti honum líklegt ad spáin rættist og Gunnar yrdi sigradur. Mördur gat engan gódan og vaskan mann vitad á lífi í þeim byggdarlagi; [svo var hans fullur Öfundar hans og ~~illgirnis~~ haturs ~~var frámunalegt~~.

Fyrir víg Þorgeirs og þeirra er med honum féllu, voru þeir Gunnar og Kolskeggur gerdir sekir og útlægir og skyldu vera ~~ytra~~ utan þrjá vetur. En ef Gunnar færi eigi utan, skyldi hann rétt-dræpur.

Gunnar og Kolskeggur bjuggu ferd sína. En þegar Gunnar reid fram med Markarfljóti, á leid til skips, þá drap hestur hans fæti. Hann fór af baki og leit heim til Hlídarenda og mælti: „Fögur er hlídin, svo ad mér hefir hún aldrei jafn fögur sýnst, — bleikir akrar ~~og~~ slegin tún, og mun eg ríða heim aftur og fara hvergi." „Ger þú eigi þann óvinafagnad," segir Kolskeggur, „ad rjúfa sætt þína, því ad þat myndi þér engum manni ætla." En Gunnar sat vid sinn keip og vildi fá Kolskegg til ad snúa aftur, en hann kvadst á engu myndi nídast, sem sér væri trúad. — Hallgerdur fagnadi Gunnari vel, en Rannveigu módur hans þótti þetta midur.

Gunnar sat næsta vetur at Hlídarenda. Þegar voradi sendi Ólafur pái til hans og baud honum ad flytja bú sitt vestur. Líkadi Gunnari þetta rád í fyrstu, en hvarf þó frá því sídar. Á alþingi þá um sumarid lýsti Gissur hvíti sekt Gunnars og fékk óvini hans til þess at bindast samtökum um [illegible] at ~~Gunnari~~ [illegible]. Hjalti Skeggjason neitadi ad vinna Gunnari

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vokkað mein. Mörður hélt njósnir, nær best gæfist á Gunnari færi.

Eitt sinn er Gunnar var einn heima, komu óvinir hans, 40, at Hlíðarenda. Hann skaut af boga sínum og ~~gátu þeir ekkert atgert~~ varð þeim skeinuhætter. Þeir gerðu frjáls áhrennur, en urðu loks að hverfa frá. Gunnar seildist út á þekjuna eftir ~~af~~ ör frá þeim, og kvað það þeirra skömm, ef þeir fengju geig af sjálfs síns vopnum. En móðir hans bað hann eigi skjóta, eða vekja þá, er þeir væri horfnir frá. Eigi fylgdi Gunnar ráðum móður sinnar og því fór ver en ella mundi. Gissur bað menn sína snúa aftur, ~~þó~~ ætlaði líklegt að Gunnar ætti fáar örvar þar eð hann hefði seilst út eftir örinni og skotið henni. Mörður vildi brenna Gunnar inni, en það sagði Gissur, að aldrei skyldi verða, þótt líf sitt lægi við og það væri Merði sjálfsátt að leggja slík ráð til, svo slægur sem hann þætti að Gunnar yrði unninn. (Mörður átti dóttur Gissurar). Þeir tóku streng og báru um ásendana á skálanum og undu svo þakið af. Gunnar skaut af boga sínum og varðist með dæmafárri hreysti. Einn þeirra hjó bogastreng hans í sundur, og varðist hann lengi eftir það með atgeirnum. Hann bað Hallgerði að snúa sér bogastreng úr hári hennar. „Liggur þér nokkuð við," segir hún. „Líf mitt liggur við", segir Gunnar, „því að þeir munu mig aldrei fá sóttan, meðan ég kem boganum við." „Þá skal ég nú", segir hún, „muna þér kinnhestinn ~~höggið~~ og hirði ég aldrei, hvort þú ver þig lengur eða skemur." „Hver hefir nokkuð til síns ágætis" segir Gunnar, og skal ~~þú þess~~ lítils eigi lengi biðja — En Rannveig móðir Gunnars

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segir: „Illa fer þér Hallgerður, og mun þín skömm lengi uppi."

Loks féll Gunnar og hafði hann áður sært flesta en drepið tvo. „Mikinn öldung höfum vér nú ~~af~~ að velli lagt og hefir oss erfitt veitt," segir Gissur – „og mun hans vörn uppi meðan landið er byggt."

5. <u>Snorri goði Þorgrímsson</u> (f. um 963) var sonarsonur Þorsteins þorskabíts. Móðir hans var Þórdís, systir Gísla Súrssonar. Hann þótti ~~fremur bellinn~~ baldinn í æsku og var því kallaður Snerrir, en það ~~nafn~~ breyttist svo, að hann var síðar kallaður Snorri. Upphaflega hét hann Þorgrímur, eftir föður sínum.

Þegar ~~hann~~ Snorri var 14 vetra gamall fór hann utan með fóstbræðrum sínum: Þorleifi kimba og Þóroddi. Fátt vann Snorri sér til frægðar erlendis, enda var hann ~~síst~~ ekki ~~gefinn~~ víkingur eða ~~hetja~~ bardagamaður. Þegar hann kom aftur úr utanför sinni (eftir eitt ár), þótti hann lítið berast á í klæðaburði og öðru, og hæddu~~zt~~ sumir ~~(að honum)~~ hann. Hann fór að Helgafelli til móður sinnar, og stjúpa síns og fósturbróður, Barkar hins digra. Fé það, sem Börkur hafði fengið Snorra til ferðarinnar, sparaði hann mjög og eyddi eigi í skrautlegan klæðnað, dýr vopn og annan óþarfa, eins og margir ungir menn gerðu. ~~(mörgum ungum mönnum var þá títt að gera)~~.

Um þessar mundir bjó Eyjólfur hinn grái (í Otradal) í Arnarfirði;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sonur Þórðar gellis. Þennan vetur (978) kom hann að Helgafelli og sagði þau tíðindi, að hann hefði drepið Gísla Súrsson, en hann var sekur og skógarmaður fyrir víg Þorgríms föður Snorra. Þessi tíðindi glöddu Börk, því að lengi hafði hann ~~árangurslaust reynt að drepa~~ setið um líf Gísla, og vildi að Þórdís kona sín fagnaði Eyjólfi vel, og bæri á borð fyrir hann besta mat. Þórdís spurði, hvort þá væri eigi vel fagnað, ef „grautur væri gefinn Gísla-bana“. Síðan bar hún inn grautartrog og setti fyrir Eyjólf, en um leið særði hún hann miklu sári. Eyjólfur og fylgdarmenn hans þutu upp í æði, en Börkur barði Þórdísi; þá ~~hrinti~~ hratt Snorri Berki ~~á gólfið~~ og tók móður sína og varði. Börkur seldi Eyjólfi sjálfdæmi fyrir áverkann. — Áður hafði verið lítil vinátta milli Snorra og Barkar, en upp frá þessu greri aldrei um heilt.

Á vorþingi árið eftir (979) heimti Snorri föðurarf sinn af Berki. Því tók Börkur vel, en kvaðst eigi nenna að skifta Helgafelli í tvent, enda færi best á því, að þeir ~~(eigi)~~ ætti (eigi) tvíbýli saman. Hann virti svo Helgafell að eins á 60 silfurs. Snorri átti ~~svo~~ að velja um tvent, annað hvort að borga hálfa jörðina þegar í stað, eða selja hana Berki. Óbeinlínis voru þetta ráð Snorra - Börkur virti jörðina svona óheyrilega lágt, af því hann bjóst við að verða kaupandi að Snorra hlut; vissi eigi, að Snorri ætti neitt fé. En hann hafði ekki átt því fé sem Börkur fékk honum til [illegible] fararinnar, og átti það geymt hjá Þorbrandi í [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Snorri borgaði jörðina og átti þá nálega 30 silfurs eftir. Þetta kom Berki á óvart ~~at óvörn~~ og sá nú sitt óvænna. Hann vill þá sættast við Snorra og býður honum að búa með sér á hálfri jörðunni taldi það hyggilegt meðan Snorri væri frumbýlingur og ætti fátt ~~fé~~ búfé. Snorri bað hann njóta sjálfur búfjár síns, en flytja af jörðunni þegar í stað. Börkur flutti þá frá Helgafelli og þá sagði Þórdís skilið við hann, og tók votta að ~~því~~. ~~Það~~ Fann hún honum þat til saka, að hann hefði barið hana. Gerð voru þá fjárskifti með þeim hjónum. og var Snorri þar fyrir móður sína og hafði þá bæði töglin og hagldirnar. En Snorri byrjaði bú að Helgafelli með móður sinni og bjó þar um 30 ár.

Snorri var vitsmuna maður með afburðum, djúpvitur og hæglátur hversdagslega. Hann kunni manna best að dylja skap sitt, og sá ekki á honum, hvort honum ~~fólki~~ líkaði vel eða illa. Hann var mikill vinur vina sinna en þungur óvinum og langrækinn í meira lagi. - Hann tók jafnan mikinn þátt í alþjóðarmálum; var við flest stórmál riðinn á alþingi í nálega hálfa öld og má eflaust telja hann með mestu og bestu landstjórnarmönnum þessa lands. Hann kemur jafnan fram á alþingi sem spakur stjórnfræðingur. og er jafnan reiðubúinn að stilla til friðar og verja sæmd og heiður þingsins hvenær sem sæmd þess er ógnað: sökum ofríkis og æsinga einstakra manna. Heima í héraði naut hann einnig mikla

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41



Snorra er svo lýst, að hann hafi verið fríður sýnum, ljósleitur, rauðskeggjaður, ~~með rautt skegg~~, meðal maður á hæð og fremur grannvaxinn. Hann átti marga öfundsmenn, því að margir þóttust jafnbornir til goðorðs þess, sem hann fór með. Framan af æfinni átti hann lítt vinsældum að fagna, en það breyttist mjög á efri árum hans. Þá voru flestir öfundarmenn hans dánir, og einnig batt hann tengdir við ýmsa mestu höfðingja í Breiðafirði og ~~annarstaðar~~ víðar. Hann átti 19 börn frjálsborin, sem öll komust úr æsku. Þeirra merkast var Halldór, sem lengi var með Haraldi konungi Sigurðarsyni og bjó síðar í Hjarðarholti. — Frá Snorra goða voru Sturlungar komnir, og ýmsir aðrir atkvæðamenn á Sturlungaöldinni.

Snjöll voru sum ráð Snorra, og nokkuð köld. [illegible] þau, sem hann réði upp á Helgafelli (~~fjallinu~~); sagði hann að þau ráð hefði sjaldan að engu orðið, sem þar hefði ráðin verið. Eitt sinn ráðlagði hann t.d. Víga-Styr að láta tvo berserki, Halla og Leikni, ryðja braut yfir hraunið mikið, og gera landamerkjagarða. Að því loknu skyldu þeir fá sér styrkjandi og hreinsandi bað, í baðhúsi ~~því er þeir sjálfir gerðu~~. En baðið skyldi svo heitt, að þeir týndu lífi. Víga-Styr átti þessa berserki og réði lítið við þá. Halli vildi fá Ásdísi dóttur hans, og hét öllu því versta, ef mælt væri í móti þeim ráðahag. Sótti þá Víga-Styr ráð til Snorra og voru þessi ráð hans; þau hepp[illegible]ust mæta vel. Svo var samið um [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði lokið þessum störfum, skyldi Hallur fá Ásdísar. — En þessi urðu þá vinnugjöldin — að ~~drepa þá~~ þeir voru drepnir. En nokkru síðar sátu þeir Snorri og Víga-Styrr heilan dag á ráðstefnu og lauk svo með þeim, að Snorri fastnaði sér Ásdísi dóttur ~~Víga-Styrs~~ hans.

Um 1010 skifti Snorri bústað við Guðrúnu Ósvífursdóttur og bjó eftir það um 20 ár á Sælingsdalstungu. Þar dó hann 1031 (~~hálfáttræður~~) nálega sjötugur.

6. Hallfreður (vandræðaskáld Óttarson) (f. um 970) var eitt af beztu skáldum söguldarinnar. Hann var trúmaður mikill ~~með blíðu og göfugu tilfinningalífi~~, tryggur í lund og réttsýnn.

Lengi átti Hallfreður í deilum við Grís nokkurn Sæmingsson: ~~(fyrir)~~ Hallfreður unni konu hans mjög; hún hét Kolfinna. Örlögin skildu þau hvort frá öðru, þeim báðum til mikils harms. Hann ~~orti~~ orti oft háð og níð um Grís og fékk hnútur fyrir það. Lengi var hann í kaupferðum milli Íslands og Noregs, og var mikill vinur Ólafs konungs Tryggvasonar.

Hallfreður var einn meðal þeirra Íslendinga, sem tóku kristna trú í Noregi af Ólafi Tryggvasyni. Hann var mjög tregur ~~á því~~ til að kasta barnatrú sinni. Loks ~~gaf hann~~ lét hann ~~loforð~~ tilleiðast að láta skíra sig með þeim skildaga, að konungur sjálfur héldi honum undir skírn. Konungur lét það eftir honum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hallfreður þóttist af því að eiga slíkan guðföður.

Nokkru síðar orti hann drápu um Ólaf konung. Konungur vildi eigi hlusta á hana, því að hann bjóst við að Hallfreður myndi yrkja of heiðinglega, nýskírður og kunnur að því, að hafa mikið dálæti á goðum og goða sögnum. En Hallfreður segir: „Ráddu því herra; en týna mun eg þá þeim fræðum, sem þú hefir látið kenna mér, því að ekki eru þau skáldlegri en kvæðið.“ – „Mikið vandræðaskáld ertu,“ segir konungur, „og mun eg hlýða kvæði þínu“. – Honum líkaði kvæðið vel.

Eitt sinn spurði konungur hann, hvort hann vildi ganga í sína þjónustu. Hallfreður sagðist vilja það, ef konungur héti því, að reka hann eigi frá sér, hvað sem sig kynni að henda. Þetta þótti konungi miður aðgengilegt. Hann kvað Hallfreð eigi svo stilltan mann, að hann gæti ekki hent eitthvað það, er illt væri að una við. Hallfreður sagði þá, að konungur gæti drepið sig. „Víst ertu vandræðaskáld“ segir konungur, „en minn maður skalt þú þó vera“. Hallfreður spyr þá, hvað hann vilji gefa sér í nafnfesti, ef hann skuli vandræðaskáld heita. Konungur kvaðst heyra, að hann vildi þetta kenningarnafn hafa, og gaf honum sverð umgjörðarlaust. Hann bauð honum að yrkja vísu um sverðið og láta vera sverð í hverju vísuorði. Hallfreður orti ~~kvæðið~~ vísuna og rétti konungurinn honum þá umgjörðina, en gat þess um leið, að ~~það væri þó~~ eigi væri sverð í hverju vísuorði. Tvö eru og í einu, segir Hallfreður. „Svo er það“, segir konungur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hallfreður vildi eigi lasta goðin. – Eitt sinn kvað hann:
„Sá er með Sygnaræsi – siður að blót eru kvidjuð;
– verðum flest að forðast – fornhaldin sköp norna;
– láta allir ýtar – Óðins ætt fyrir róða; – nú em
eg neyddur frá Njarðar – niðjum, Krist að biðja."

Hallfreður dó rúmlega hálffertugur, um 1007.

7. Kjartan Ólafsson (líklega f. um 980) sonur Ólafs pá í Hjarðarholti í Dalasýslu, og Þorgerðar dóttur Egils Skallagrímssonar, var íþróttamaður mikill og glæsimenni ~~eitt~~ hið mesta. Hann var mikill vexti, sterkur og vígfimur. Hann var mikilleitur, ljóshærður, svipbjartur og vel eygður. Mjög vinsæll var hann, því að hann var kátur í lund, greiðvikinn og lítillátur, og ~~yfir höfuð~~ drengur góður. Bolli Þorleiksson hét fóstbróðir hans; voru þeir bræðrasynir. Bolli var umfram flesta menn að líkamlegu atgervi og í allastaði ágætur maður. Kjartan unni honum svo mjög, „að hann fór hvergi þess, er eigi fylgdi Bolli honum".

Oft lagði Kjartan leið sína að Sælingsdals~~laugum~~ laugum og sat löngum á tali við Guðrúnu dóttur Ósvífurs Helgasonar, sem bjó að Laugum. Þeim féll vel tal saman. Guðrún var þá um tvítugt (fædd 974), ~~en~~ þó ekkja. Hún hafði verið gift nauðug Þorvaldi frá Garpsdal, þá að eins 15 vetra gömul. En eftir stuttan tíma skildi hún við hann. Hún giftist aftur fúslega Þórði Glúmssyni, en nú var hún ekkja eftir hann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um þessar mundir hugði Kjartan til utanfarar og keypti hálft skip af Kálfi Ásgeirssyni frá Ásgeirsá í Víðidal. Hann segir Guðrúnu frá ráði sínu, en hún kvað hann hafa ráðið utanför sína of skjótt og líkaði henni miður. Kjartan bauð henni þá að gera annan hlut fyrir hana, er henni líkaði vel. Guðrún bað hann þá að lofa sér til Noregs með honum. Eigi vildi Kjartan það og færði margt í móti. Hann bað hana að bíða sín ólofaða þrjú 3 ár. Engu vildi Guðrún lofa um það og skildu þau þá talið fremur ósátt, en líklega hafa þau þá unnað hvort öðru heitast.

Þeir Kjartan og Bolli fóru utan. Þegar þeir komu til Niðaróss í Noregi voru þar ~~samankomnir um 30~~ mikill fjöldi Íslendingar. Einn góðan veðurdag skemmtu menn sér að sundi á ánni Nið, þar á meðal Ólafur Tryggvason og Kjartan. Þeim lenti saman á sundi og þekkti hvorugur annan. Þar hittust tveir snjallir íþróttamenn, og færðu hvor annan í kaf á sundi, ~~oftar og oftar~~ hvað eftir annað. Þóttist konungur eigi fyrr hafa mætt slíkum sundmanni sem Kjartani. At skilnaði gaf konungur honum góða skikkju.

Nokkru eftir þetta ~~prédikaði~~ taldi konungur trú fyrir Íslendingum og öðrum í Niðarósi. Á eftir töluðu Íslendingar um konung og hinn nýja sið, og lagði þá sitt til hver. Bolli sagði: að þeir myndu mæta afarkostum af konungi, ef þeir eigi tækju trú. [Transcriber's note: the numbers 2 above "eigi" and 1 above "tækju" mark the word order to be swapped.] En Kjartan kvaðst einskis nauðungarmaður vilja vera, meðan hann gæti á vopnum haldið, og illa þætti honum og lítilmannlegt, að vera tekinn sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lamb úr stekk eða melrakka úr gildru; taldi hann betra, ~~að~~ ef hann á annað borð ætti að deyja, að vinna þó áður það, er lengi síðar væri uppi haft. Bolli spyr, hvað það sé, sem hann vilji gera. „Ekki mun eg leyna því", segir Kjartan, „brenna konung inni." Bolli kvað þetta ekki lítilmannlegt, en bjóst við því, að konungur væri svo hamingju mikill, að því mundi eigi verða framgengt. Njósnarmenn konungs báru honum þetta ~~sam~~ til sama kvöldið. En um morguninn eftir, stefndi hann öllum Íslendingum á þing í bænum og spyr, hvort þeir vilji skírast. Þeir neituðu. Konungur spyr þá, hverjum þeirra hefði þótt ráðlegast að brenna ~~sig~~ hann inni. Kjartan kannaðist drengilega við orð sín. Konungur kvað hann þess maklegan að vera drepinn, en af því að óvíst væri, að hugur hefði fylgt máli, þá vildi hann eigi láta drepa Kjartan, og bjóst við að hann mundi síðar taka trú, og styðja vel það málefni. Nokkru síðar lét þeir Kjartan og Bolli skíra~~sig~~st, eins og aðrir Íslendingar, og varð Kjartan síðan handgenginn konungi og honum mjög kær.

Bolli fór til Íslands á undan Kjartani. Þeir fóstbræður ræddu ýmislegt áður um vináttu Kjartans við konung og Ingibjörgu systur hans. Bolli kvaðst mundu bíða Kjartans einn næsta vetur, ef að sumri væri lauslegra um ferð hans ~~þá~~, en nú væri; kvaðst Bolli hafa það fyrir satt, að Kjartan myndi fátt þykja, er á Íslandi væri til skemtana þá er hann sæti á tali við Ingibjörgu Tryggvadóttur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bað hann hafa ekki orð á slíku, en bera heim kveðju vinum og frændum.

Vafalaust hafa þau verið mikið samrýnd og kunnug Kjartan og Ingibjörg og þeim að sjálfsögðu getist mjög vel hvort að öðru. En aldrei mun þó Kjartan hafa gleymt Guðrúnu, fremur en hún honum. Sagan segir að Ingibjörg hafi þótt það miður, er Kjartan sagði henni að hann færi heim til Íslands, og hún hafi gefið honum gullofinn motar að skilnaði; og hún ætlaðist til, að hann gæfi Guðrúnu motorinn að bekkjargjöf. „Vil ég," segir hún, „að þar íslenskar konur sjái það, að þú hafir (eigi) átt tal við þá konu í Noregi, sem ekki er þrælaættar. — Ekki mun ég fylgja þér á leið, en far nú vel og heill". Þeim þótti báðum mikið fyrir að skilja. Konungur leiddi Kjartan til skipa og gaf honum ágætt sverð að skilnaði, og þess kvaðst hann vænta, að Kjartan yrði eigi vopnbitinn, meðan hann bæri sverðið.

Frá Bolla er það að segja, að þegar hann kom til Íslands færði hann Guðrúnu og öðrum þær fréttir, að ekki væri um á Kjartani. Hann sagði að sá orðrómur væri í Noregi, að Kjartan og Ingibjörg væru vinir miklir og það væri Ólafi Tryggvasyni eigi óljúft. Guðrún kvað þetta góð tíðindi, „en því að eins er Kjartani fullboðið," segir hún, „að hann fái góða konu." Hún gekk burtu eldrauð, og þóttust menn vita, að hún væri óánægðari yfir þessum fréttum, en hún léti ljóst. Nokkru síðar bað Bolli hennar, en hún kvaðst

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engum manni mundi giftast, meðan Kjartan væri á lífi. Bolli sagði að þá mætti hún bíða nokkur ár mannlaus, ef hún ætlaði sér að bíða Kjartans. Ósvífur var þessum ráðahag mjög unnandi og sótti þetta mál svo fast fyrir Bolla, að hún um síðir lét undan, og giftist honum nauðug. Og eigi var margt í samförum þeirra af Guðrúnar hálfu.

Nokkru eftir þetta komu þeir Kjartan og Kálfur Ásgeirsson á skipi sínu til Íslands, Hlaðinn varningi. Ásgeir faðir Kálfs og Hrefna dóttir hans, komu í móti þeim í Hvítár-ós. Þá frétti Kjartan gjaforð Guðrúnar, en hann lét sér eigi bregða við það. Kálfur sýndi systur sinni varning og Þuríði systur Kjartans, sem þar var einnig, ásamt fleira fólki í kaupferð. Þar voru nokkrir handdúkar og forvitnar. Þar fundu moturinn og faldaði Hrefna sér með honum. Kjartan kom þar að þeim og leit vel yfir og sagði: „Vel þykir mér þér sama moturinn Hrefna, — ætla ég að það sé best fallið, að ég eigi allt saman, motur og mey.“ Hrefna hélt, að það mundu flestir ætla, að hann vildi eigi svo fljótt kvongast.

Næsta vetur eftir jól fór Kjartan norður í Víðidal og fastnaði sér Hrefnu. Þuríður, systir Kjartans, kvað þar fara saman vit og vænleik, sem Hrefna væri. Hún var kvenna fegurst, kurteis og skörungur og góð kona, þó mun Kjartan hafa séð mjög eftir Guð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var ~~það~~ hún „kvenna vænst, er upp óx á Íslandi, bæði at ~~ásjánu~~ ásýnd og vitsmununum." Hún var kurteis kona, svo að í þann tíma þóttu öll barnavípur, það er aðrar konur höfðu í skarti, hjá henni". Allra kvenna var hún kænst og bezt orði farin; — hún var örlynd kona" — en duldi mjög skap sitt, og þá bezt, er henni mest þótti fyrir og hún hugði til hefnda.

Brúðkaup Kjartans og Hrefnu var haldið í Hjarðarholti vorið eftir, og gaf Kjartan konu sinni motrinn að línfé eða bekkjargjöf. — „Með þeim tókust góðar ástir."

Ólafur pái og Ósvífur héldu fornri vináttu sinni og héldu hver öðrum veizlur til skiftis. Hálfum mánuði fyrir vetur, þetta ár, bauð Ólafur Laugamönnum til veizlu að Hjarðarholti. Þegar til boðsins kom, ræddu konur um, hver kona ætti að sitja í öndvegi. Kjartan svaraði skjótt, svo að Guðrún heyrði, að Hrefna skyldi í öndvegi sitja og vera mest metin í öllu, meðan hann lifði. En þetta sæti hafði Guðrún ~~ekki~~ jafnan af borið í Hjarðarholti, gannarslokin i veizlan. Guðrún leit til Kjartans, brá lit, en ~~sagði ekkert~~ mælti ekki orð. Að þessu boði stal Þórólfur Ósvífursson sverðinu Konungsnaut, sjálfsagt að undirlagi Guðrúnar.

Nokkru síðar var Hjarðhyltingum boðið til veizlu að Laugum. Þá stal Guðrún motrinum frá Hrefnu. Þessu reiddist Kjartan, en Ólafur pái bað hann að tala lítið um, svo að friður héldist. En hann kvaðst ekki nenna að, allir svo héldu fyrir „Laugamönnum" og kvartaði um þetta við Bolla. Bolli kvaðst Bolli vera valdur at [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en Kjartan sagði að þeir mundu hafa í vitum verið í þessu, er honum bæri að bæta fyrir. Guðrún heyrði þetta og segir: „Þann segð vansar þú þar, að betur væri að eigi ryki." og kvað þá mundu hafa tekið moturinn, sem hafi að sínu gengið og líkaði henni það vel, að Hrefna hefði eigi lengur búningsbót á honum.

Síð um veturinn eftir jól, fór Kjartan með 60 manna til Lauga og bannaði þar öllum heimamönnum útgöngu í ~~3~~ þrjá daga. ~~svo allir urðu að „drita" inni~~. Ólafur þá lét illa yfir þessu; Þorgerður kona hans kvað Laugamenn hafa unnið til slíkrar svívirðingar. Frá þessu gerðist fullur fjandskapur milli þessara heimila.

Guðrún eggjar Bolla og bræður sína til þess að sitja fyrir Kjartani eitt sinn, er hann kom við ~~3.~~ þriðja mann vestan úr Saurbæ. Bolli vildi eigi svíkja gamlan vin sinn, frænda og fóstbróður, en lét þó að lokum undan, því að Guðrún hótaði annars að skilja við hann, en Bolli unni henni ofjörg. — Saga ber og þess, að menn þoldu sízt af öllu eggjunar orð og ámæli ~~og álasorð~~ kvenna í fornöld. Nauðugur veitti Bolli Kjartani banasár, en þess iðraði hann skjótt og settist undir herðar Kjartans, meðan hann blæddi til ólífis.

Vel lét Guðrún yfir þessu verki, og þótti henni það mestu skipta, að „Hrefna gengi eigi hlæjandi að sæng sinni það kvöld"; — svo var „heift hennar mikil" ~~svo var hugarfar hennar djöfullegt~~ — Bolli reiddist, og kvað sér „sýnt þykkja, að Hrefna fölnaði meira við þessi tíðindi, en Guðrún, og það grunaði mig, að hún brygði sér minna við, þótt hann lægi dauður á vígvellinum, en Kjartan segði frá tíðindunum." — „Þeim var eg [illegible] verst", segir Guðrún á gamalsaldri, við Bolla son sinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Gunnlaugur ormstunga (f. um 983) var sonur Illuga svarta að Gilsbakka. Hann var mikill og sterkur, framgjarn, óvæginn og óðg-inn við mótstöðumenn sína; hann var hávaðamaður, skáldmæltur vel, en fremur níðskældinn. [Hann vildi fara utan, er hann var] fimtán vetra gamall. ~~vildi hann fara utan~~. En Illugi kvað hann ekki mundu þykja sið saman í öðrum löndum, þar [sem] ~~ed~~ erfitt þótti að hafa stjórn á honum heima. ~~En þó sókti~~ Gunnlaugur, [sótti sér þá sjálfur] ~~[illegible]~~ hesta, og ~~tekur~~ [tók] sér ~~sjálfur~~ fararefni. Illugi tók allt af honum og kvað hann eigi skyldu taka af sér ráðin. Gunnlaugur fór sama dag af stað frá Gilsbakka og gisti hjá Þorsteini Egilssyni að Borg. ~~(Hjá honum)~~ þar var hann lengi og nam lögspeki [(af Þorsteini)]. ~~Þorsteinn átti þá dóttur~~ ~~sem~~ [Dóttir Þorsteins hét] Helga ~~hét~~ [og var] kölluð hin fagra, því [að] hún var talin fegurst~~a~~ kona á Íslandi á sinni tíð. Hún var óvenjulega hárprúð. Þau Gunnlaugur og Helga feldu [hugi] saman ~~ástir~~ og sátu oft saman að tafli.

Eitt sinn vildi Gunnlaugur læra af Þorsteini að fastna sér konu á löglegan hátt. Þorsteinn kvað það lítið mál, en kendi honum þó lagaaðferðina. Gunnlaugur vill svo láta prófa sig í þessu og biður Þorstein að taka í hönd sér, og láta sem hann festi sér Helgu fögru. Þorsteini var það óljúft og kvað þetta óþarfa mál. Gunnlaugur þreif í hönd Þorsteins og bað hann að láta þetta eftir sér. Þorsteinn lét undan, en tók votta að því, að þetta skyldi vera málalaust. Síðan tók Gunnlaugur sér votta og fastnaði sér Helgu fögru, og hlóttu menn [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnlaugi bjó alvara í huga.

Helga fagra ólst upp í Hjarðarholti hjá Þorgerði föður-
systur sinni þartil hún var ~~6~~ sex ára. En svo stóð á því, að Þorstein
að Borg dreymdi eitt sinn draum, sem austmaður nokkur réð svo,
að ~~2~~ tveir göfugir menn, munda biðja ~~bæta~~ dóttur hans, og berjast um hana og ~~legðu ofurást á hana;~~ falla báðir.
~~þeir mundi berjast og látast af því~~. En ~~svo hart~~ síðan mundi hennar
biðja þriðji maðurinn, og honum mundi hún giftast. Þorsteini
líkaði illa ráðning draumsins og lagði fæð á austmanninn.
Hann ásetti sér að koma í veg fyrir, að draumurinn rættist.
Það sama sumar reið hann til þings, og bað áður Jófríði
konu sína, að bera út barn það, er hún gengi með, ef
~~það~~ yrði það meybarn. „Þetta er óþinnslegt mál", sagði hús-
freyjan, „svo auðugur maður sem þú ert". Þorsteinn
kvað hana þekkja svo vel skaplyndi sitt, að ekki mundi
ráð að óhlýðnast. Hann reið til þings, en kona hans ól
fagurt meybarn. Hún sendi með það vestur að Hjarðarholti
og bað Þorgerði húsfreyju að ala barnið upp með ~~[illegible]~~ leynd.

Þorsteinn fékk fyrst að vita um ráð konu sinnar eftir
~~6~~ sex ár, í veizlu að Hjarðarholti. Þorgerður leiddi þá fram ~~3~~ þrjár ung-
meyjar og spurði Þorstein bróður sinn, hverja honum litist
á stúlkur þessar. „Allvel," segir hann, „og er þó ein fegurst
mikla og hefir hún vænleik Ólafs, en hvíti og yfirbragð vort
Mýramanna". Þorgerður sagði honum þá sem var. Þá mælti
Þorsteinn: „Ekki kann og ykkur að ásaka um þetta — og veldur
[illegible] meira mikil um flesta hluti; og hafi þið vel yfir-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varzur í véum, sem traflaði þinghelgina.

Merkasti staðurinn á alþingi hét Lögberg. Þar átti lögsögumaðurinn sæti. ~~Þar skýrði hann frá~~ „Að Lögbergi" ~~á~~ allu því, sem lögréttan eða alþingi samþykkti. Og þegar einhver maður þurfti að bera eitthvert nýtt mál fram, t.d. stefna einhverjum, kunngera eitthvað, spyrja að heimili manna o.s.frv., þá var það gert að Lögbergi, og þar mátti enginn vera án leyfis lögsögumanns, meðan þingstörf fóru fram.

~~En~~ Mikilvægasta starf þingsins fór fram í lögréttu, en það var löggjafarstarfið. Þar réð afl atkvæða, en væru atkvæði jöfn, þá réð lögsögumaður~~inn~~ úrslit~~unum~~. — Fræðimenn greinir á um, hvort dómsvaldið hafi eftir Úlfljótslögum verið sameinað löggjafarstarfinu, eða ~~aðskil~~~~ið~~ greint frá því. — Hér skal ekkert um þetta sagt.

Goðarnir réðu lögum og lofum á alþingi, með lögsögumanni~~num~~. Þeir ~~höfðu~~ ~~áhrif~~ réðu mestu um dóma, þótt dómsvald[ið] væri eigi beinlínis í höndum þeirra, því að þeir nef[ndu] menn í dóma, bæði á alþingi og varþingum. En galli [var] það, að engin framkvæmdarstjórn var í landinu. Fyrir framkvæmdum þingsins [stóð lögsögumaðurinn. En lengra ~~hann~~ náði ekki vald hans; enginn sá um ~~og~~ það að lögin væru framkvæmd. ~~því framkvæmdarvaldið vantaði~~. Hver ~~maður~~ um sig varð að sjá um, að koma fram ~~þeirra~~ refsingu á hen[...]

[Hér endar 3. örk.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim, sem hann fékk dæmdan á þingi.

Goðarnir ~~höfðu í héruðum goðaþjónustu á hendi~~ stýrðu blótunum í héruðum sínum, reistu hof og veittu þeim forstöðu. Þessi tign og það vald, sem goðorðinu fylgdi, gékk að erfðum. Hve margir goðar hafi verið á landinu á landnámstíð og síðar, vita menn eigi með vissu, en fleiri hafa þeir verið, en þeir, sem áttu „fullasetu" á þingi.

Um það leyti, sem alþingi var stofnað, var landið orðið albygt og þá er talið, að landnámsöldin sé á enda, ~~enda~~ og fluttu fáir til Íslands eftir þann tíma. — Frá 930–1262 var Ísland sjálfstætt ríki, ~~þótt það væri smátt~~ og er það tímabil kallað þjóðveldistími.